

Skipulagsfulltrúi Dalabyggðar  
Þórður Már Sigfússon

31.mars 2020  
2020-03-74/0.11.2

Efni: Endurskoðun aðalskipulags Dalabyggðar. Umsögn Landsnets um skipulags- og matslýsingu.

Landsneti barst beiðni um að veita umsögn, dags. 11. mars 2020, við skipulags- og matslýsingu vegna endurskoðunar á Aðalskipulagi Dalabyggðar.

Landsnet hefur farið yfir gögnin sem fylgdu erindinu. Þar er í kafla 7.2. fjallað um áætlanir á landsvísu, m.a. Kerfisáætlun 2018-2027. Landsnet bendir á að nú liggur fyrir staðfest Kerfisáætlun 2019-2028 og stefnt er að því að kynna Kerfisáætlun 2020-2029 í upphafi sumars. Því bendir Landsnet sveitarfélaginu á að kynna sér og hafa jafnframt til hliðsjónar nýrri kerfisáætlanir.

Þá bendir Landsnet sveitarfélaginu á að þegar mörkuð verður stefna um flutning raforku í sveitarfélaginu þá sé jafnframt tekið mið af stefnumörkun stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfisins og lagningu raflína (sjá þingsályktanir 26/148 og 11/144).

Virðingarfyllt,



Einar S. Einarsson  
framkvæmdastjóri stjórnunarsviðs